

að kaupendur eignuðust hann. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. En málskostnað fyrir yfirdómi verða aðaláfrýjendur eftir þessum úrslitum að greiða gagnáfrýjendum og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjendur Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson greiði gagnáfrýjendunum Birni Björnssyni og Guðmundi Björnssyni 30 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 20. júlímánaðar.

Nr. 54/1907:

Einar Markússon

gegn

Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi Jóhannes V. H. Sveinsson, bóndi á Kirkjufelli, fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn áfrýjandanum, kaupmanni í Ólafsvík, Einari Markússyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, er hann taldi til

hjá honum, að upphæð 1452 kr. 3 a. ásamt vöxtum, og var málið leitt til lykta í nefndum rétti með dómi uppkveðnum 31. okt. 1906 þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda af kröfu hans 881 kr. 28 a. ásamt 5/10 vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en að öðru leyti var áfrýjandinn sýknaður af kröfum stefnda og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. des. f. á., og fengið uppreistarleyfi til áfrýjunarinnar og leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki. Hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærnum og kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti með einhverju eftir réttarins mati nægilegu. En af stefnda hálfu hefir þess verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Af skuldakröfu þeirri, er stefndi fyrir gestaréttinum gerði kröfu á hendur áfrýjanda, 1452 kr. 3. a., tók gestarétturinn að eins til greina og dæmdi áfrýjanda til að greiða stefnda 881 kr. 28 a., og með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, liggur það eitt fyrir yfirdóminum að rannsaka, hvort áfrýjandi sé með gestaréttardóminum réttilega skyldaður til að greiða þessa síðarnefndu upphæð, en í henni er fólgin krafa um vangoldið skipstjórakaup stefnda hjá áfrýjanda á árinu 1902 og 1903, 447 kr. 58 a. + 377 kr. 95 a., borgun fyrir skipauppsátur 1903 og 1904, 55 kr., og útlagður kostnaður við læknishjálp handa háseta á skipi áfrýjanda, 75 a.

Viðvíkjandi skipstjórakaupinu er það upplýst í mál-

inu, að stefndi var skipstjóri árin 1902—1903 á fiskiskipinu »Ane Mathilde,« sem gert var út frá Ólafsvík nefnd ár, og færði áfryjandi, sem var útgerðarmaður skipsins kaup stefnda inn í rekning hans við verzlun sína í Ólafsvík bæði árin, og var það reiknað stefnda árið 1902 724 kr. 35 a., en 1903 607 kr. 10 a. Hefir áfryjandi talið að stefndi hafi á þennan hátt fengið það kaup greitt að fullu, er honum hafi frekast borið, því að svo hafi verið um samið, að hann mætti velja milli tveggja þeirra ráðningarmáta, er áfryjandi réð skipstjóra sína með, og hafi stefnda verið reiknað kaupið í bæði skiftin eftir þeim ráðningarkjörunum, er hann átti kost á, er honum voru drýgri til kaups. Áfryjandi hefir og staðhæft það, að á öðrum úttektarstöðum en Ólafsvík — en þar gerði áfryjandi eða verzlun hans ein út fiskiskip þau ár — hafi ráðningarkjör skipstjóra verið söm eða mjög áþekk þeim, er stefndi naut hjá honum, en alls ekki lík þeim, er stefndi byggir á kröfu sína um hærra kaup, og hefir áfryjandi stutt þessa staðhæfingu sína með ýmsum vottorðum skipstjóra og annara kunnugra manna frá þessum stöðum. Þessum skýrslum og fullyrðingum áfryjanda um samninga þeirra málsadila og um kauphæð skipstjóra í Ólafsvík og þar í grend hefir stefndi ekki hnekt né gert tilraun til að hnekkja, en hann hefir að eins haldið því fram, að hann hafi haft hærra kaup eða betri kjör sem skipstjóri árin áður á Dýrafirði og hafi hann ætlast til að hann héldi þeim kjörum, er hann réðst skipstjóri til áfryjanda. En þar sem stefndi hefir eigi sannað, að áfryjandi hafi undirgengist að veita honum betri kaupkjör en aðrir skipstjórar hans sættu eða tíðkanleg voru þar nærlendis eft-

ir ómótmæltri skýrslu áfrýjanda, þá verður áfrýjandi eigi skyldaður til að greiða honum kaup eftir öðrum mælikvarða en hann hefir þegar gert, og verður því að sýkna áfrýjanda af kröfunni um uppbót á skipstjórakaupi, 447 kr. 58 a. + 377 kr. 95 a.

Að því er kröfu stefnda fyrir uppsátur snertir, þá er það viðurkennt, að 4 skip áfrýjanda voru sett upp í landi stefnda, »Ane Mathilde« og »Den Lille« árin 1903 og 1904 og »Clarine« og »Sleipnir« 1904. Áfrýjandi hefir ekki greitt stefnda neitt fyrir uppsátur handa skipum þessum, og virðist stefndi því eiga tilkall til hæfilegrar borgunar fyrir þau, enda hefir áfrýjandi kannast við að hann hafi tjáð sig fúsan til að greiða fyrir uppsátrin líkt og annarstaðar gerðist, eða 5—10 kr. fyrir hvert skip um árið. Það verður því að fallast á það, að gestarétturinn dæmdi stefnda endurgjald fyrir þessi uppsátur, og þar sem áfrýjandi hefir ekki fyrir yfirdómnum haft sérstaklega á móti upphæð gjaldsins, sem gestarétturinn ákvað 10 kr. fyrir skip hvert á ári, bei að samþykkja endurgjaldsupphæð þá fyrir uppsátrin, er dómurinn hefir dæmt stefnda 55 krónur.

Þá ber og að staðfesta síðasta liðinn í dómkröfu stefnda, 75 a. fyrir læknishjálp handa háseta á »Ane Mathilde,« er stefndi tjáist hafa orðið að greiða á Patreksfirði sem skipstjóri í þágu skipsins og útgerðarmanns þess (áfrýjanda), en áfrýjandi virðist eigi hafa mótmælt því að stefndi hafi lagt út þennan kostnað fyrir útgerðina.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi eigi skyldaður til að greiða meira en 55 kr. 75 a. af upphæð þeirri, er gestaréttardómurinn hefir dæmt honum, og ber að breyta dómi þessum samkvæmt því. Ákvæði

gestaréttardómsins um málskostnað samþykkist, en í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vara:

Áfrýjandi Einar kaupmaður Markússon greiði stefnda Jóhannesi V. H. Sveinssyni 55 kr. 75 a. ásamt 5⁰/₁₀ vöxtum p. a. frá stefnudegi til borgunardags.

Málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda með 20 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Nr 6/1908:

Magnús Stefánsson

gegn

hreppsnefnd Torfalækjarhrepps.

D ó m u r:

Haustið 1905 lagði hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi 160 kr. sveitarútsvar á verzlun áfrýjanda, Magnúsar Stefánssonar kaupmanns á Blönduósi, en af upphæð þessari greiddi hann að eins 100 kr., og krafðist því hreppsnefndin með bréfi til sýslumanns, dags. 30. okt. 1906, lögtaks fyrir eftirstöðvunum 60 kr., en lög-